

**Ed.**

**152. Nefndarátt**

um frv. til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10 nóv. 1905.

Nefndin hefir orðið sammála um að ráða hinni háttv. deild til þess, að samþykkja þá breytingu á sveitarstjórnarlögnum, sem flutningsm. frumvarpsins fer fram á.

Enn fremur kom fram frá einum nefndarmanna, að hann óskaði eftir að 36. og 37. gr. sveitarstjórnarlaganna yrði breytt á þann veg, sem viðaukatillögurnar 1. og 2. gr. á þgskj. 153 fara fram á.

Nefndin hefir ekki orðið á eitt mál sátt um þessar breytingar, og vill einn nefndarmanna, 3. kgk. þm. (Stgr. Jónsson), láta þess getið að hann skrifi undir nefndarálitið með fyrirvara, að því er snertir 1. gr. af þessum viðaukatillögum og mun hann gera grein fyrir þeim fyrirvara við umræður málsins.

Annars skal það tekið fram, að þessar tillögur eru framkomnar vegna mjög ákveðinna og margítrekaðra óska manna í sumum kjördæmum. Margt hefir einnig tekið stórum breytingum, að því er snertir ýmsan atvinnurekstur síðan sveitarstjórnarlögin voru samin, og því ekki að búast við að þau sje allstaðar í fullu samræmi við núverandi ástand, þó þau sje ekki gömul.

Þess má og geta, að líkar breytingar hafa nú á síðustu þingum legið fyrir til umræðu og getið sjer meira og minna fylgi. Þó þær ekki hafi náð fram að ganga, þá sýnir það að margir hafa á síðari árum álitid nauðsyn á þeim.

Þá hefir þm. Vestmannaeyinga, samkv. þingmálafundargerð úr Vestmannaeyjum óskað þess, að þegar næst verða prestaskifti í Eyjunum, þá sje presturinn ekki lengur lögboðinn í sýslunefnd.

Nefndin vill ráða hinni háttv. deild til þess, að verða við ósk þessari, því henni virðist eðlilegra að eyjarskeggjar ráði sjálfir vali sýslunefndarmanna sinna, eins og sýslubúar í öðrum sýslum landsins, heldur en að presturinn sje þeim lögboðinn, hvort sem hann er því vaxinn eða ekki.

Alþingi 20. júlí 1914.

Kristinn Danielsson,  
form. og framsögumaður.

Magnús Pjetursson,  
skrifari.

Steingrímur Jónsson.